

Lög

um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum.

I. KAFLI

Breyting á lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

- Í stað orðsins „eignarréttinda“ í skýringu hugtaksins *eignarskráning* kemur: réttinda.
- Við bætist eftirfarandi orðskýring: *efndalok*: fullnaðaruppgjör viðskipta reikningsstofnana með rafbréf og fullar efndir á þeim, svo sem með greiðslujöfnun eða peningagreiðslu, sem lagðar eru til grundvallar við lokafærslu á reikning í verðbréfamiðstöð.

2. gr.

1. másl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Stjórn verðbréfamiðstöðvar skal veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi sem þar er eignarskráð.

3. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Seðlabanka Íslands er samkvæmt samningi við reikningsstofnun heimil veðtrygging í rafbréfum reikningsstofnunar til tryggingar á efndalokum er lúta að greiðsluuppgjöri í greiðslukerfum, sem viðurkennd eru af ráðherra skv. 3. gr. laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, nr. 90/1999, og skal skrá veðréttindin skv. IV. kafla laga þessara. Hafi reikningsstofnun ekki uppfyllt skyldur sínar innan þess frests sem ákveðinn er í gildandi reglum um viðskipti samkvæmt þessari grein er Seðlabankanum heimilt að innleysa þegar í stað þau rafbréf sem standa til tryggingar hlutaðeigandi efndalokum.

4. gr.

Í stað orðsins „hennar“ í 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: þess.

5. gr.

Á eftir 32. gr. laganna kemur ný grein og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því: Verðbréfamiðstöð er heimilt í aðildarsamningi, svo og reglum sem stjórn félagsins setur, að ákveða takmörkun eða lokun aðgangs að eignarskráningu þar vegna brota á aðildarsamningi eða reglum sem gilda um starfsemina. Telji stjórn verðbréfamiðstöðvar þess þörf getur hún í aðildarsamningi jafnframt kveðið á um refsiviðurlög í formi févítis standi reikningsstofnun ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt aðildarsamningi, enda varði brot ekki við 34. gr.

6. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða II í lögnum bætist nýr málslíður er orðast svo: Að uppfylltum skilyrðum um innköllun samkvæmt reglugerð og að lokinni yfirfærslu og eignarskráningu í verðbréfamiðstöð eru hin ápreifanlegu verðbréf ógild.

II. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

7. gr.

Í stað orðanna „viðskiptabönkum og sparisjóðum“ í 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. laganna kemur: viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfamiðstöðvum.

III. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

8. gr.

22. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Hlutkesti.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir og vexti af keyptum fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé sem þannig innheimtist til endurgreiðslu húsbréfa eftir hlutkesti sem sýslumaður hefur umsjón með.

Íbúðalánasjóður yfirfærir eldri flokka húsbréfa í ápreifanlegu formi í rafbréf samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997. Í auglýsingu skal tekið fram:

1. Hvaða húsbrefaflokka yfirfæra eigi hverju sinni.
2. Dagsetning yfirfærslu, svo og dagsetning fyrsta útdráttar húsbréfa í verðbréfamiðstöð og tilhögun á greiðslum síðari útdráttar þar.
3. Önnur atriði er varða yfirfærslu húsbréfa í verðbréfamiðstöð, svo sem réttarstöðu eigenda ápreifanlegra bréfa gagnvart útdrætti o.fl.

Að liðnum auglýstum fresti fara útgreiðslur á hlutkesti samkvæmt þessari grein einungis fram fyrir milligöngu verðbréfamiðstöðvar. Réttthafi kröfu samkvæmt hinu ápreifanlega húsbréfi getur vitjað hennar hjá útgefanda eða reikningsstofnun sem útgefandi vísar til hafi skírteini ekki verið yfirfært til skráningar í verðbréfamiðstöð. Skal nánar kveðið á um framkvæmd hlutkestis og yfirfærslu samkvæmt þessari grein í reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 28. apríl 2000.